

Ed.

176. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36 19. maí 1930, um vigt á sild.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Öll sild, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin, ef seljandi óskar þess.

Til seljenda teljast allir þeir, sem taka laun sín eða hluta þeirra sem aflahlut eða uppbót (premiu), er miðast við afla.

Hver bræðsluverksmiðja skal jafnan hafa tiltækar hæfar sildarvogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem sildin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af sild, og telst það mælieining.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Þar, sem sild er mæld eða vegin samkv. 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga mælingarmenn, sem annast mælingu eða vigtun á sildinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Mælingarmenn sjá um, að mæliker þau eða vogir, sem notuð eru, séu löggilt og skoðuð árlega, áður en byrjað er að nota þau.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

Brot gegn lögnum varða sektum, frá 300—30000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.